



GJALDSKRÁ

fyrir fráveitu og hreinsun rotþróa í Blönduóssbæ

1. gr.

Blönduóssbær innheimtir gjald fyrir fráveitu og hreinsun rotþróa í sveitarféluginu skv. gjaldskrá þessari, sbr. III. kafla samþykktar um fráveitur og rotþrær í Blönduóssbæ.

2. gr.

Stofngjald fyrir tengingu og lagningu frárennslislagna við holræsakerfi sveitarfélagsins er samkvæmt sérstakri gjaldskrá um tengigjöld veitna Blönduósbaðar.

3. gr.

Álagningarástofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001, með síðari breytingum. Fráveitugjald skal nema 0,275% af álagningarástofni. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald. Gjalddagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

4. gr.

Árlegt rotþróargjald skal vera eftirfarandi:

Rotþró 0-2000 lítra	kr. 9.850 pr. þró.
Rotþró 2001-4000 lítra	kr. 12.500 pr. þró.
Rotþró 4001-6000 lítra	kr. 13.500 pr. þró.
Rotþró 6001 lítra og stærri	kr. 17.000 pr. þró.

Gjald miðast við að barkalengd hreinsibils sé 50 metrar eða styttri. Fyrir barkalengd umfram 50 metra skal eigandi greiða sérstaklega skv. reikningi.

5. gr.

Fyrir aukulosun skal innheimta gjald kr. 9.900 fyrir hverja losun.

6. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með vísan til 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og á grunni samþykktar um fráveitur og rotþrær í Blönduóssbæ og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi eldri gjaldskrár númer 1317/2016. Gjaldskráin var samin og samþykkt í Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra og staðfest á fundi sveitarstjórnar Blönduósbaðar.

Blönduósi, 20. desember 2017


Arnar Þór Sævarsson, sveitarstjóri.